



Umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

21. maí 2015

Pingskjal 1172 – 698. mál – Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar

Samband sveitarfélaga á Austurlandi vísar til ályktana aðalfundar sambandsins um jöfnun á dreifingarkostnaði raforku og um flutningskerfi raforku.

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 skorar á Alþingi að jafna að fullu dreifingarkostnað raforku til almennra nota í dreifbýli og þéttbýli. Það er óásættanlegt að íbúum á dreifbýlli svæðum sé gert að greiða hærra verð fyrir grunnþjónustu eins og raforku, einkum þegar horft er til þess að víða háttar svo til að auðlindir sem nýttar eru til raforkuframleiðslu er einmitt að finna á eða í nágrenni við þau dreifbýlu svæði.

Aðalfundur SSA haldinn á Vopnafirði 19. og 20. september 2014 krefst þess að stjórnvöld styrki flutningskerfi raforku sem ekki hefur staðið að fullu undir hlutverki sínu. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki háð starfsemi fyrirtækja á Austurlandi sem reiða sig á raforku við starfsemi sína.

Virðingarfyllst fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Sigrún Blöndal,

formaður SSA